

Fundargerð stjórnar KFÍ

Stjórnarfundur haldinn að Torfnesi fimmtudaginn 21. janúar 2016 kl. 17:00

Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, Shiran Þórisson, Guðmundur Einarsson og Ingi Björn Guðnason sem skráði fundargerð.

1. Leikmannamál

Formaður fór yfir breytingar á leikmannamálum sem átt hafa sér stað undanfarnar vikur. Einnig var rætt um framtíðarhorfur leikmannamála.

2. Fjármál

Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála KFÍ (KKD Vestra).

3. Íbúðamál

Ingi Björn Guðnason gerði grein fyrir stöðu íbúðamála KFÍ (KKD Vestra). Nýjum leikmanni hefur tímabundið verið komið fyrir í íbúð sem við missum á næstu dögum. Til bráðabyrgða fáum við aftur afnot af annarri íbúð sem hefur verið úthlutað til BÍ/Bol (KSD Vestra). Sú ráðstöfun er þó aðeins þar til 15.-20. febrúar. Knattspyrnumenn hafa þó boðið KFÍ afnot af herbergi í Hnífsdal fyrir téðan leikmann út tímabilið. Einnig ræddi Ingi Björn um þrif og skil á íbúðum en misbrestur hefur verið á því að slíkt hafi verið með sóma. HSV er þessi misserin að taka harðar á slæmum skilum og þarf að bregðast við því. Ingi Björn og framkvæmdastjóri HSV komust að samkomulagi um að þrifum á íbúð 101 verð þannig háttað að HSV kaupir þrif sem og deilir kostnaði með KFÍ. Óvist hvort þetta sé framtíðarskipulag en verður haft í tilfelli skila á íbúð 101.

Þá gerði Ingi Björn grein fyrir stöðu íbúðamála til framtíðar en í nýjum samstarfssamningi Ísafjarðarbæjar við HSV hefur samningsbundnum íbúðum sem úthlutað er til HSV verið fjölgað úr fjórum í fimm. Á móti kemur að vegna aukinnar þarfar á almenna húsnæðismarkaðnum gæti svokölluðum lánsíbúðum fækkað en fjöldi þeirra hefur verið breytilegur. Hugsanleg fækkun þessara ótryggu íbúða gæti haft í för með sér minni möguleika KFÍ (KKD Vestra) á að fá húsnæði fyrir leikmenn þar sem þjálfarar ganga fyrir í íbúðir samkvæmt reglum HSV.

4. Fjáraflanir

Farið yfir fjáraflanir sem fyrirhugaðar eru á næstunni. Stefnt á klósettpappírssölu í febrúar.

5. BUR (Barna- og unglingaráð)

Birna Lárusdóttir, formaður BUR, gerði grein fyrir starfsemi BUR undanfarnar vikur og verkefnum sem framundan eru. Um næstu helgi keppa 8. flokkar drengja og stúlkna og einnig fer Póstmótið fram þá fyrir yngri iðkendur. Síðustu búningapantanir eru í gangi þessa dagana hjá yngri flokkum.

6. Stofnfundur Vestra

Ingi Björn Guðnason gerði grein fyrir stofnfundi Vestra sem haldinn var laugardaginn 16. janúar. KFÍ er þar með orðið hluti af hinu nýstofnaða félagi en endanleg staðfesting þess þarf að koma fyrir aðalfund félagsins í vor.

7. Önnur mál

- a. Rætt um Körfuboltaþúðir KFÍ og stöðu mála hvað þjálfara varðar. Þau mál standa vel og lítur út fyrir góða þátttöku iðkenda í búðunum.
- b. Rætt um aðalfund í vor. Stefnt að því að halda hann strax eftir að keppnistímabilinu lýkur upp úr 20. mars. Rætt um að bjóða til kaffisamsætis í tengslum við fundinn þar

sem öllum velunnurum körfuboltans á Ísafirði verður boðið. Fundurinn markar vatnaskil á 51 ári KFÍ og fyrsta ári undir merki Vestra.

Fundi slitið kl. 18:30.